

Tillaga til 440. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. september 2019

Tillaga bæjarstjóra að umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga, samkvæmt bókun 1071. fundar bæjarráðs frá 26. ágúst sl.

Umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023:

Þann 13. ágúst síðastliðinn var birt í samráðsgátt stjórnvalda tillaga samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.

Ísafjarðarbær sendir eftirfarandi umsögn við tillöguna sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 5. september 2019.

Framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir árin 2019-2033

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir og er sammála þeirri framtíðarsýn, sem sett er fram í þingsályktunartillögunni, að Ísland verði i í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Að áhersla verði lögð á að nýta tækni sem best til að tengja saman byggðir landsins, en jafnframt tengja Ísland við umheiminn. Allt í sátt og góðu jafnvægi við umhverfið.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar því að sjá ríka stoð og skírskotun í stefnumörkun lögbundinnar byggðaáætlunar og sóknaráætlunum. Þá sérstaklega hvað varðar það meginmarkmið að efla sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um allt land. Fjölmargar aðgerðir núgildandi byggðaáætlunar kallast einmitt á við þessa sýn.

Aðgerðaáætlun 2019-2023

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur brýnt að árétta að leiðarstef slíkrar aðgerðaáætlunar á vettvangi sveitarstjórnarstigsins verði alltaf að vera bætt þjónusta. Tryggja verður í hvívetna að sveitarfélög hafi burði til að veita íbúum framúrskarandi þjónustu og hafi getu til að annast lögbundin verkefni.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir þau sjónarmið sem koma meðal annars fram í minnisblaði Byggðastofnunar að veglegur fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé nauðsynlegur til að styðja við markmið um sameiningar sveitarfélaga. Tryggja þarf að sjóðurinn fái til þess sérstaka fjármögnun frá ríkissjóði svo ekki þurfi að skerða hefðbundin framlög sjóðsins til sveitarfélaga til að fjármagna sameiningarstuðning. Ef ekki kemur til sérstaks fjárstuðnings ríkissjóðs má ætla að sveitarfélög sem uppfylla stærðarmörk nú þegar, og ekki munu sameinast öðrum, verði fyrir skerðingu á framlögum vegna fjárstuðnings við þau sveitarfélög sem munu sameinast.

Í aðgerðaáætluninni kemur skýrt fram að stefnt verði að því að jafna tækifæri til atvinnu og aðgengis að þjónustu. Þessar áherslur eiga sér einnig stoð í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, meðal annars í áformum um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og fjölgun starfa án staðsetningar, þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum.

Í meginatriðum samræmast því tillögurnar þeirri sýn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að framtíð samfélagsins byggji á aukinni sjálfbærni á sviði stjórnsýslu, samfélags og í atvinnulífi sveitarfélaga. Það er von bæjarstjórnar að góð samstaða geti tekist um afgreiðslu tillögunnar á Alþingi.